

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 30 ? 20.02. 2004

Þriðjudaginn 10 febrúar, árið 2004 kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 10.00 í húsi Skagafjarðarveitna að Borgarteigi 15, Sauðárkróki.

Mætt voru stjórnarmennirnir: Sigrún Alda Sighvats, Gísli Árnason og Einar Gíslason, Páll Pálsson veitustjóri og Árni Egilsson, sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Hitaveitumál í Akrahreppi
2. Þriggja ára áætlun
3. Önnur mál.
 1. Málefni Loðskinns
 2. Bréf dags. 09.02.04 frá Náttúrustofu Norðurlandsvestra á Sauðárkróki
 3. Bréf dags, 05.02.04 frá Umhverfisnefnd Alþingis.

AFGREIÐSLUR:

Sigrún Alda setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Farið yfir útreikninga vegna lagningar hitaveitu í Akrahreppi á milli Flugumýrar og Uppsala. Veitustjóra falið að vinna frekar að málinu.

2. Páll Pálsson veitustjóri lagði fram og fór yfir þriggja ára áætlun fyrir Skagafjarðarveitur árin 2005 ? 2007. Áætlunin er samtvinnuð forriti því sem Sveitarfélagið notar til þessara áætlunargerðar og hluti þess. Stjórnin samþykkir áætlunina. Einar Gíslason situr hjá.

3. Önnur mál.

1. Páll Pálsson veitustjóri gerði grein fyrir þeim viðræðum sem hann átti við Ormarr Örlygsson framkvæmdastjóra Staka ehf. á Akureyri um málefni Loðskinns.

2. Náttúrustofa óskar eftir því við Skagafjarðarveitu að taka á mót 30-40 erlendum gestum sem verða hér á ráðstefnu í sumar. Erindið samþykkt.

3. Óskað eftir umsögn um verndun á Austur Eylendi í Skagafirði. Málið kynnt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.30.

